



Reykjavíkurborg
Menntasvið



STARFAGREINING: YFIRMENN SKÓLAMÖTUNEYTA

SEPTEMBER 2009



Tölfræði- og rannsóknþjónusta
Ásgeir Björgvinsson Hildur B. Svavarsdóttir

Efnisyfirlit

I. INNGANGUR	2
II. AÐFERÐ	3
1. Framkvæmd og svarendur	3
2. Tæki.....	3
III. NIÐURSTÖÐUR	5
1. Bakgrunnur.....	5
2. Mötuneyti grunnskólanna.....	6
3. Starf yfirmanns mötuneytis	8
4. Fjárhagsrammi mötuneyta.....	10
5. Samstarf og samskipti	11
6. Frumkvæði	12
7. Símenntun.....	12
8. Þróun starfs.....	13
9. Spurningar til skólastjóra	15
10. Opin svör	16
IV. SAMANTEKT.....	17
V. LOKAORÐ	19

Myndir

Mynd 1 Nám tengt matargerð	6
Mynd 2 Ábyrgð yfirmanna auk nemendamötuneytis.....	6
Mynd 3 Framboð í mötuneytum nemenda	7
Mynd 4 Framboð í mötuneytum starfsfólks	7
Mynd 5 Fjöldi starfsmanna í mötuneytum, utan yfirmanns	8
Mynd 6 Verkefni í starfi.....	8
Mynd 7 Markmið Lýðheilsustofnunar	9
Mynd 8 Áhrif yfirmanna á fjárhagsramma skólamötuneytisins.....	10
Mynd 9 Hve stóran hluta vinnutímans yfirmenn vinna með öðru starfsfólki	11
Mynd 10 Hvernig samskipti á vinnustað ganga	11
Mynd 11 Tilgangur með nýjum hugmyndum í starfi	12
Mynd 12 Tækifæri til símenntunar.....	13
Mynd 13 Þróun starfs	14

I. Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum úr könnun á störfum yfirmanna skólamötuneyta í grunnskólum Reykjavíkurborgar sem gerð var vorið 2009. Á þeim tíma voru yfirmenn skólamötuneyta starfandi í flestum grunnskólanna. Undanfarin ár hafa störf annarra en kennara í grunnskólum Reykjavíkurborgar verið skoðuð sérstaklega eins og störf stuðningsfulltrúa, náms- og starfsráðgjafa, þroskaþjálfra og skólaliða. Skýrslur vegna starfanna komu út árin 2006 og 2008.

Á haustmánuðum 2008 var ákveðið að skoða störf yfirmanna skólamötuneyta í grunnskólum að beiðni starfsmannabjónustu Menntasviðs, en starfið hefur verið í mikilli uppbyggingu og mótun síðan ákveðið var að nemendamötuneyti væru í öllum grunnskólum borgarinnar. Markmið greiningarinnar var að vita meira um í hverju starf yfirmanna skólamötuneyta fælust, hver viðhorf þeirra væru til starfsins, meta þróun starfsins, þörf fyrir símenntun og hversu lítill eða mikill munur væri á milli skóla. Gögnum var safnað í janúar og febrúar 2009 en úrvinnsla fór fram í maí og júní 2009. Við undirbúning greiningarinnar var haft samráð við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og fulltrúa yfirmanna skólamötuneyta. Menntasvið væntir þess að skýrslan varpi skýrara ljósi á umfang og eðli starfa í mötuneytum grunnskólanna í Reykjavík.

II. Aðferð

1. FRAMKVÆMD OG SVARENDUR

Á haustmánuðum 2008 funduðu starfsmenn starfsmannabjónustu og tölfraði- og rannsóknabjónustu Menntasviðs til að þróa spurningar fyrir könnun á störfum yfirmanna skólamötuneyta í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Í kjölfarið var fundað með tveimur yfirmönnum skólamötuneyta ásamt fulltrúa frá Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar sem er stéttarfélag þeirra, þar sem að þeir komu með sínar hugmyndir að spurningum.

Í ársbyrjun 2009 voru sendir tölvupóstar á alla skólastjóra og yfirmenn skólamötuneyta í grunnskólum Reykjavíkurborgar, þar sem könnunin var kynnt. Í framhaldinu voru spurningalistar sendir yfirmönnum skólamötuneyta í pappírsformi í 37 af 39 grunnskólum. Ekki voru sendir listar í Sæmundarskóla eða Safamýrarskóla því þar voru ekki nemendamötuneyti á staðnum heldur eingöngu tekið á móti tilbúnum mat. Síðar kom í ljós að í tveimur almennum skólum til viðbótar og í einum sérskóla var ekkert nemendamötuneyti og ekki heldur yfirmaður móttökueldhúss. Því voru eftir 34 skólar sem vænta mátti svara frá. Svör bárust frá 31 þeirra sem er 91% svörun.

Ennfremur voru spurningar er varða störf yfirmanna skólamötuneyta lagðar fyrir fjóra skólastjóra og tvo aðstoðarskólastjóra sem valdir voru eftir stærð skóla og fjölbreytni skólastarfs. Að mestu var um að ræða sambærilegar spurningar og í spurningalistanum sem lagður var fyrir yfirmenn skólamötuneytanna, en einnig var um að ræða nokkrar spurningar sem sérstaklega voru samdar fyrir skólastjóra. Ólíkt því sem var með yfirmenn skólamötuneyta voru spurningar lagðar fyrir skólastjóra og aðstoðarskólastjóra af starfsmanni tölfraði- og rannsóknabjónustu Menntasviðs í skólunum sjálfum. Þetta var gert um miðjan júní 2009, eða nokkrum mánuðum eftir að yfirmenn skólamötuneyta höfðu svarað sínum spurningum. Hafa ber í huga að vegna þess að rætt var við færri skólastjóra en yfirmenn skólamötuneyta, getur misræmi á milli svara hópanna stafað af því, frekar en hóparnir séu mjög ósammála. Því ber að skoða þessar túlkanir með þeim fyrirvara.

2. TÆKI

Eins og áður sagði var gagna aflað með spurningalista sem sendur var í pappírsformi til yfirmanna skólamötuneyta. Í könnuninni voru nokkrar bakgrunnsspurningar þar sem svarendur voru m.a. beðnir um að svara hvenær þeir hófu störf í viðkomandi skóla og hver menntun þeirra væri. Svör þátttakenda í könnuninni voru ekki skoðuð eftir bakgrunni þeirra, enda svarendur fáir.

Spurt var um innihald starfsins eins og hvort yfirmenn skólamötuneyta kæmu að ráðningum fólks í mötuneyti, innkaupum fyrir mötuneyti eða ráðstöfunum vegna forfalla. Einnig var spurt hversu mikil aðkoma þeirra væri að gerð fjárhagsramma skólamötuneytis og að hve miklu leyti þeir sjálfir réðu framkvæmd viðfangsefna sinna. Að endingu voru svarendur beðnir um að segja frá símenntun sem þeir hefðu fengið eftir að þeir byrjuðu að vinna á núverandi vinnustað og meta þróun starfsins.

Skólastjórar svöruðu færri spurningum en yfirmenn skólamötuneyta, en svöruðu þar fyrir utan spurningum er snéru t.d. að þeim kröfum sem stjórnendur myndu gera þyrftu þeir að ráða til sín nýjan yfirmann skólamötuneytis.

Í textanum er oft talað um yfirmenn skólamötuneyta sem *yfirmenn* eða *svarendur*. Er það gert til að gera textann læsilegri. *Yfirmönnum* skal hinsvegar ekki ruglað saman við skólastjórnendur enda er síðarnefndi hópurinn aldrei nefndur *yfirmenn* í textanum heldur alltaf *skólastjórar* eða *skólastjórnendur*.

III. Niðurstöður

1. BAKGRUNNUR

Alls voru 24 svarenda karlar og 7 konur. Fæðingarár þeirra var á bilinu 1945-1975 og var um 60% svarenda yfir fimmtugt. Rætt var við fjóra karla og tvær konur í hópi skólastjórnenda.


Af þeim 31 yfirmanni sem svaraði könnuninni, störfuðu nítján í *heildstæðum skólum* (1-10. bekkur), fjórir voru starfandi í *unglingaskólum* (8-10. bekkur) og sjö í *barnaskólum* (1-7. bekkur). Einn svaraði ekki í hverskonar skóla hann starfaði. Tíu yfirmenn störfuðu í skólum með *21-50 starfsmenn* (stöðugildi), átján í skólum með *51-100 starfsmenn* og tveir í skólum með *yfir 100 starfsmenn*. Einn svarenda sagðist ekki vita um fjölda starfsmanna í sínum skóla. Fjórir skólastjórnenda sem þátt tóku í könnuninni komu úr heildstæðum skólum, einn úr unglingaskóla og einn úr barnaskóla. Fjórir skólastjóraranna komu úr skólum með 51-100 starfsmenn og tveir úr skólum með 21-50 starfsmenn.

Sjö yfirmannanna (23%) sögðust hafa unnið í öðrum skóla/skólum sem yfirmenn skólamötuneyta áður en þeir réðu sig á núverandi vinnustaði. Einn byrjaði fyrst að starfa sem yfirmaður árið 1989 og þrír á tíunda áratugnum. Aðeins tveir yfirmenn höfðu unnið lengur en fimm ár sem yfirmenn skólamötuneyta á núverandi vinnustöðum. Í skólum þeirra skólastjóra sem þátt tóku í könnuninni, höfðu yfirmenn skólamötuneyta unnið í tvö til sex ár.

Af þeim 28 yfirmönnum sem svöruðu spurningu um hvort *kröfur hefðu gerðar um menntun* er þeir réðu sig á núverandi vinnustað, sögðu langflestir, eða 89%, að svo hefði verið. Í öllum tilvikum var um einhverskonar matreiðslunám að ræða. Af þeim 23 sem vissu til þess að *krafist hefði verið sérstakrar starfsreynslu* af þeim við ráðningu, sögðu allir að svo hefði verið.

Yfirmennirnir voru beðnir um að merkja við allt það nám sem þeir höfðu lokið. Af þeim 30 yfirmönnum er svöruðu spurningu um nám höfðu 29 lokið *starfsnámi tengdu matargerð*. Einn hafði grunnskólapróf. Af þessum 29 höfðu 22 lokið *matreiðsluprófi* og tólf höfðu lokið námi sem *matsveinar*. Færri höfðu lokið námi við *framleiðslu*, *matartækni*, *smurbrauðsgerð*, *kjötiðn*, *aðstoðarkokkanám* eða *bakaraíðn*.

Átta svarenda (27%) höfðu lokið *matreiðslumeistaranámi*. Af öðru námi má nefna að fimm höfðu klárað *stutta bóknámsbraut í framhaldsskóla* og einn *verslunarskólapróf*. Enginn hafði lokið *stúdentsprófi* eða námi á *háskólastigi*. Niðurstöðurnar um starfsnám tengdu matargerð sem svarendur höfðu lokið má sjá á mynd 1.




Mynd 1 Nám tengt matargerð

Um 80% yfirmannanna stunduðu hvorki annað launað starf með yfirmannsstarfinu eða voru í námi samhliða starfinu. Fjórir voru í einu öðru starfi og einn var í skóla með starfinu.

2. MÖTUNEYTI GRUNNSKÓLANNA


Í þessum kafla er greint frá hverskonar þjónustu yfirmennirnir báru ábyrgð á, auk nemendamötuneytis. Í ljós kom að allir báru ábyrgð á *mötuneyti með heitum mat fyrir starfsmenn*. Þá báru 58% yfirmannanna einnig ábyrgð á *kaffistofu fyrir starfsmenn* og 45% á *lausasölu matvæla (sjoppu) fyrir nemendur*. Fyrir utan þetta greindu svarendur frá ábyrgð á t.d. *morgun-, hádegis- og síðdegiskaffi, hafragraut að morgni dags og kaffitímum fyrir frístundaheimili*. Niðurstöðurnar eru á mynd 2.



Mynd 2 Ábyrgð yfirmanna auk nemendamötuneytis


Vegna nemendamötuneytanna sögðu allir nema tveir (94%) að þar færi fram *frumframleiðsla að mestu*. Á einum staðnum var um *móttökueldhús* að ræða og öðrum *blöndu af frumframleiðslu og móttökueldhúsi*. Mynd 3 sýnir að í mötuneytum nemenda var alltaf boðið upp á *hádegismat*. Í u.þ.b. þriðjunga tilvika var boðið upp á *morgunhressingu* (35%) og í

rúmum fjórðungi nemendamötuneyta (29%) var boðið upp á *morgunmat* eða *kaffitíma*. Önnur svör voru t.d *kaffitímar fyrir ÍTR* og *sala á samlokum, bakkelsi og drykkjum*.



Mynd 3 Framboð í mötuneytum nemenda


Í mötuneytum fyrir starfsfólk, sögðu nær allir (93%) að þar færi fram *frumframleiðsla að mestu*. Í einu mötuneytanna var bæði um *frumframleiðslu og móttökueldhús* að ræða en eitt þeirra var eingöngu *móttökueldhús*. Mynd 4 sýnir að í öllum mötuneytum fyrir starfsfólk var boðið upp á *hádegismat*. Þá var í yfir helmingi tilvika boðið upp á *kaffitíma* (61%), *morgunhressingu* (52%) eða *morgunmat* (45%). Einnig var nefndur *bakstur í sérstökum tilvikum og meðlæti fyrir fundi*.



Mynd 4 Framboð í mötuneytum starfsfólks

3. STARF YFIRMANNS MÖTUNEYTI


Algengast var að *einn til þrír* starfsmenn væru í mötuneytunum auk yfirmanns. Í öllum tilvikum var yfirmaður mötuneytis þeirra næsti yfirmaður. Í 23% mötuneytanna var *einn starfsmaður* auk yfirmanns, í 32% mötuneytum *tveir starfsmenn* og í 29% þeirra *þrír starfsmenn*. Niðurstöðurnar sjást á mynd 5.



Mynd 5 Fjöldi starfsmanna í mötuneytum, utan yfirmanns

Um 42% almennra starfsmanna í mötuneytunum var í *fullu starfi* eða 20 starfsmenn. Nær sami fjöldi var í 50-99% starfshlutfalli og 15% í undir 50% starfshlutfalli.

Yfirmenn mötuneyta svöruðu spurningum um verksvið sitt í skólunum. Mynd 6 sýnir svör yfirmannanna þegar þeir voru spurðir að því hvort ákveðnir þættir fælust í starfi þeirra. Af hópnum sögðust allir nema tveir (94%) *þjálfa nýja starfsmenn* (í mötuneyti) og 74% *gera ráðstafanir vegna forfalla* (undirmanna). Mun færri veittu *skammtímaleyfi*, eins og í 2-3 daga eða komu að *ráðningu starfsmanna*, eða um fjórðungur svarenda. Enginn sagðist *veita undirmönnum langtímaleyfi eins og í heilan mánuð*.



Mynd 6 Verkefni í starfi

Svör skólastjóra um verkefni voru svipuð því allir sögðu að yfirmenn skólamötuneyta *þjálfuðu nýja starfsmenn* og fimm af sex sögðu að yfirmennirnir gerðu *ráðstafanir vegna forfalla* undirmanna. Einn skólastjóri sagði að í sínum skóla kæmi yfirmaður skólamötuneytis að *ráðningu starfsmanna* í mötuneyti og einnig að líklegt væri að yfirmaðurinn myndi koma að *veitingu skammtímaleyfa*. Líkt og yfirmenn skólamötuneyta sögðu sjálfir, sögðu skólastjórnarnir að fyrrnefndi hópurinn kæmi aldrei að *veitingu langtímaleyfa* undirmanna.


Þegar spurt var um samninga við aðila innan eða utan vinnustaðar reyndust tveir yfirmannanna *stundum* semja við aðila innan vinnustaðar um greiðslur, tíma eða framgang verks. Fleiri, eða sex (21%), sögðust *oft* eða *stundum* semja við aðila utan vinnustaðar um hið sama. Tveir skólastjórnanna sögðu yfirmenn skólamötuneyta í sínum skólum *stundum* semja við aðila innan vinnustaðar um greiðslur, tíma eða framgang verks en hinir fjórir sögðu það *aldrei* gerast. Þá sögðu fjórir skólastjórnanna að yfirmenn skólamötuneyta semdu við aðila utan vinnustaðar um fyrrnefnda hluti, tveir *oft* og tveir *stundum*. Þetta er hærra hlutfall en hjá yfirmönnum sjálfum en einhverjir skólastjórnanna litu svo á að öll innkaup fyrir mötuneytin væru hluti af þessu.

Þegar yfirmennirnir voru spurðir að því hversu oft þeir sæju um innkaup fyrir mötuneytin, sögðust allir gera slíkt *daglega*. Allir skólastjórnanna sex sögðu að yfirmenn skólamötuneytanna sæju alfarið um innkaup fyrir mötuneytin, en tveir af þessum sex treystu sér ekki til að segja hversu oft í viku það væri. Hinir fjórir töldu það vera *daglega*. Er þetta í samræmi við svör yfirmannanna sjálfra.

Meira munur var á svörum hópanna í spurningu um hversu oft yfirmenn skólamötuneyta sinntu verkefnum í vinnunni er ekki heyra undir yfirmannsstarfið. Helmingur yfirmannanna sögðust *daglega* sinna slíkum verkum, 11% sögðust gera slíkt *tvisvar til þrisvar í viku* og 18% *tvisvar til þrisvar í mánuði*. Samtals gera þetta um 80% af þeim sem svöruðu spurningunni. Aðeins einn skólastjóri sagði að í sínum skóla sinnti yfirmaður skólamötuneyta *daglega* verkefnum er ekki heyra undir yfirmannsstarfið og þrír sögðu þetta gerast *sjaldnar en tvisvar til þrisvar í mánuði*. Var það þá einkum í tengslum við einhverja viðburði í skólunum að ræða. Hinir tveir skólastjórnarnir sögðu þetta *aldrei* gerast.

Af þeim 25 yfirmönnum sem svöruðu spurningu um hversu miklum tíma á viku þeir verðu til innra eftirlits vegna mötuneytis, sjoppu eða kaffistofu, sögðust 24% gera slíkt í *eina klst/viku*, 44% í *1,5-3 klst/viku* og 32% í *3,5-10 klst/viku*. Sex yfirmenn svöruðu ekki spurningunni.

Yfirmönnum skólamötuneyta fannst ekki erfitt að fylgja eftir manneldismarkmiðum Lýðheilsustofnunar, líkt og mynd 7 sýnir. Yfir 90% fannst það *auðvelt*, um 10% fannst það *hvorki auðvelt né erfitt*, og engum fannst það *frekar* eða *mjög erfitt*.




Mynd 7 Markmið Lýðheilsustofnunar

Næstum 80% yfirmannanna sögðust vera *ánægðir með vinnuaðstöðu sína*, flestir þeirra voru *frekar ánægðir* (52%) en færri *mjög ánægðir* (26%). Sex yfirmenn merktu við svarmöguleikann *hvorki né* (19%) en einn sagðist vera *óánægður með vinnuaðstöðuna*. Í töflunni má sjá lista yfir þau atriði sem yfirmennirnir voru ánægðir með hvað vinnuaðstöðuna varðar og hvað þeir voru óánægðir með. *Góður og nýlegur tækjakostur ásamt góðum, vel skipulögðum og rúmgóðum eldhúsum*, var það sem mest áberandi var hvað ánægjuna varðaði. Það sem helst olli óánægju voru hinsvegar *léleg tæki s.s. kælar, frystar, ofnar og pottar; lélegar birgðaaðstöður og léleg eða engin starfsmannaaðstaða*.

Ánægja með vinnuaðstöðu	Óánægja með vinnuaðstöðu
Góður tækjakostur	Lélegir kælar
Gott eldhús	Lélegir frystar
Vel skipulagt eldhús	Lélegir ofnar
Rúmgott eldhús	Lélegir pottar
Nýleg tæki	Léleg birgðaaðstaða
Góðir pottar	Léleg starfsmannaaðstaða

4. FJÁRHAGSRAMMI MÖTUNEYTA

Meira en helmingur yfirmannanna sagðist *engin* áhrif hafa á gerð fjárhagsramma skólamötuneytisins, þegar hann væri lagður fram í upphafi skólaárs. Niðurstöðurnar má sjá á mynd 8. Tæp 30% sögðust hafa *nokkur áhrif* en aðeins tveir sögðust hafa *mikil áhrif* á gerð fjárhagsrammans.



Mynd 8 Áhrif yfirmanna á fjárhagsramma skólamötuneytisins


Allir skólastjórar sem rætt var við sögðu að yfirmenn skólamötuneyta hefðu *nokkur* áhrif á gerð fjárhagsrammans. Hér var því mikill munur á svörum hópanna.

Yfir helmingur svarenda (55%) sagðist *ekki vita* hvort endurskoðun færi fram á fjárhagsrammanum á skólaárinu, en 38% sögðu *svo vera*. Tveir svarenda töldu endurskoðun *ekki fara fram*. Flestir þeirra sem sögðu endurskoðun fara fram, sögðu sig sjálfa *geta haft frumkvæði* að slíkri endurskoðun og einnig gætu þeir haft *nokkur áhrif* á endurskoðunina. Hér voru svör skólastjóra áþekkt því allir sögðu endurskoðun fara fram og fimm af sex sögðu að yfirmenn skólamötuneyta gætu *haft frumkvæði að endurskoðun*. Einn skólastjórnenda sagði yfirmennina geta haft *mikil* áhrif á endurskoðunina og fjórir að áhrifin gætu verið *nokkur*.

Aðspurðum fannst um 70% yfirmannanna *auðvelt* að halda sig innan fjárhagsrammans, um 17% hópsins fannst *hvorki auðvelt né erfitt* að halda sig innan rammans en 14% fannst það *frekar erfitt*. Enginn svarenda merkti við *mjög erfitt*.

5. SAMSTARF OG SAMSKIPTI


Spurt var um samstarf yfirmanna skólamötuneyta við aðra starfsmenn. Fyrst var spurt um hversu mikinn hluta vinnutímans yfirmennirnir ynnu með öðrum. Eins og sjá má á mynd 9 þá unnu fleiri en þrír af hverjum fjórum *alltaf* með öðrum (90-100% tímans). Um 13% unnu *yfir helming vinnutímans* með öðrum og um 10% *um helming vinnutímans*.



Mynd 9 Hve stóran hluta vinnutímans yfirmenn vinna með öðru starfsfólki

Yfirmenn skólamötuneyta nutu sjálfstæðis í starfi því þeir sögðust allir *alltaf* ákveða *hvernig* og *hvenær dagsins* þeir framkvæmdu viðfangsefni starfsins. Fjórðungur þeirra sagði skólastjórana *stundum* ákveða *hvernig* viðfangsefnið væru framkvæmd og mjög fáir sögðu skólastjórana *alltaf* eða *stundum* ákveða það Svör skólastjóranna voru að mestu leyti sambærileg þótt þeir teldu yfirmennina ekki alveg eins sjálfstæða hvað varðar framkvæmd verkefna og yfirmennirnir sjálfir. Fimm af sex skólastjórnendum töldu sig sjálfa *stundum* ákveða *hvernig* og *hvenær dagsins* yfirmennirnir ynnu sín verkefni, sem er mun hærra hlutfall en yfirmennirnir sjálfir nefndu í könnuninni.

Langflestir yfirmennirnir sögðu samskipti sín við skólastjóra, undirmenn og samstarfsmenn ganga *mjög vel*, eða á bilinu 84-90% og í engu tilviki gengu samskiptin *illa* (sjá mynd 10). Þá sögðu allir nema tveir að samskipti við nemendur gengju *vel*, flestir *mjög vel*. Enginn yfirmanna sagði samskipti við nemendur ganga *frekar* eða *mjög illa*.




Mynd 10 Hvernig samskipti á vinnustað ganga

Hvað samskiptin varðar þá voru yfirmennirnir einnig spurðir að því hversu *oft* eða *sjaldan* þeir leiðbeindu nemendum í samskiptum við aðra nemendur og/eða starfsfólk skólans. Í ljós kom að 72% yfirmannanna leiðbeindu nemendum *daglega* hvað fyrrgreind atriði varðar, og önnur 14% gerðu slíkt hið saman *tvisvar til þrisvar í viku*.

6. FRUMKVÆÐI

U.þ.b. tveir af hverjum þremur (65%) yfirmannanna sögðust *oft* koma með nýjar hugmyndir í vinnunni og hinir (35%) sögðust *stundum* gera slíkt. Á mynd 11 má sjá hver tilgangurinn var með hugmyndunum. Á milli 80 og 90% sögðu tilganginn hafa verið að *einfalda verk/spara tíma, bæta þjónustu* eða *spara fjármuni* og um 70% sögðu tilganginn hafa verið að *auka afköst* eða *bæta vinnuaðstæður*.



Mynd 11 Tilgangur með nýjum hugmyndum í starfi

Annar tilgangur sem nefndur var með nýjum hugmyndum var að *auka samvinnu, auka fjölbreytni í starfi* og *bæta umgengnina við hrávöruna (matinn)*. Langflestir (88%) sögðu að hugmyndum þeirra væri *alltaf* eða *oftast* komið í framkvæmd.

7. SÍMENNTUN


Af þeim 30 sem svöruðu hvort þau hefðu fengið þjálfun og endurmenntun (hér eftir kallað símenntun) í starfi á núverandi vinnustað, sögðu fjórtán (47%) *svo vera* en sextán (53%) *ekki*. Af þeim sem svöruðu spurningunni játandi höfðu fimm fengið símenntun í *hálfan til tvo daga á síðastliðnu ári*, þrír í *3-4 daga*, tveir í *8-15 daga* og einn í *16 daga eða fleiri*. Langalgengast var að símenntunin hefði verið í formi *námskeiða*.

Allir skólastjórnarnir sem talað var við sögðu að í þeirra skólum hefðu yfirmenn skólamötuneyta fengið símenntun eftir að yfirmennirnir byrjuðu á núverandi vinnustöðum. Þetta er miklu hærra hlutfall en kom fram hjá yfirmönnum sjálfum en mögulegt er að í þeim sex skólum sem talað var við skólastjóra, hafi yfirmennirnir í öllum tilfellum fengið símenntun á nefndu tímabili. Skólastjórnarnir sögðu frá því líkt og yfirmennirnir sjálfir, að

endurmenntunin hefði fyrst og fremst verið í formi námskeiða. Stjórnendur voru ekki með upplýsingar um lengd námskeiðanna en yfirleitt var hún á bilinu hálfur dagur til 7 dagar. Þó nefndi einn 8-15 daga.

Af þeim yfirmönnum sem tóku afstöðu töldu 32% að gagnlegt hefði verið að þjálfast meira í starfinu áður en þeir byrjuðu í því. Mun fleiri, eða 68%, töldu hinsvegar að meiri þjálfun í byrjun starfstímans, hefði ekki verið nauðsynleg. Þessi niðurstaða kom ekki á óvart sé litið til þess að nær allir höfðu sérstaka menntun til starfsins. Þegar nánar var spurt um þjálfun í starfi kom í ljós að margir vildu bæta við sig þekkingu sem tengdist starfinu. Meðal atriða sem nefnd voru t.d. aukið nám tengt matargerð, næringarfræði, matargerð vegna ofnæmis, mötuneytisfræði, stjórnun og tölvunám.


Yfirmenn skólamötuneytanna voru spurðir út í símenntunarmöguleika sína og á mynd 12 má einnig sjá hluta þeirra niðurstaðna. Rétt er að taka fram að allt upp í tíu yfirmenn tóku ekki afstöðu til einstakra símenntunarspurninga. Prósentutölurnar miðast við þá yfirmenn sem tóku afstöðu. Um 61% töldu sig hafa *nægilegar upplýsingar* frá vinnuveitenda um tækifæri sín til símenntunar, rétt rúmur helmingur taldi sig fá *næga hvatningu* til símenntunar en aðeins 17% voru á því að þeir fengju *nægt svigrúm* til að nýta símenntunartækifæri í vinnutíma.



Mynd 12 Tækifæri til símenntunar

8. ÞRÓUN STARFS

Til að fá fram upplýsingar um þróun yfirmannastarfsins voru yfirmennirnir og skólastjórnendur spurðir út í hugsanlegar breytingar á t.d. fjölda verkefna, álagi í starfi og hvort starfið væri að verða flóknara eða einfaldara. Eins og sjá má á mynd 13 fannst flestum yfirmannanna að álagið í starfinu hefði *aukist*. Þar af upplifðu 17% hópsins að álagið hefði *aukist mikið*. Einnig taldi yfir helmingurinn að verkefnum hefði *fjölgað* í starfinu. Þar af fannst þremur verkefnunum hafa *fjölgað mikið*. Engum svarenda fannst sem verkefnunum hefði *fækkað*. Þá sýnir myndin að rúmum þriðjungi (38%) fannst starfið þegar á heildina, er litið orðið *flóknara*. Fleirum, eða 48% fannst hinsvegar starfið hvorki hafa orðið *flóknara* né *einfaldara*.



Mynd 13 Þróun starfs

Tveir skólastjórar af sex töldu álag á yfirmenn skólamötuneyta hafa *aukist mikið* eða *nokkuð* á þeim tíma sem hinir síðarnefndu höfðu verið í skólunum en hinir fjórir töldu álagið *hvorki hafa aukist né minnkað*. Þremur skólastjórum fannst sem verkefnum hjá yfirmönnum hefði *fjölgað mikið* eða *nokkuð* á starfstíma hinna síðarnefndu, en þremur fannst verkefnamagnið vera svipað. Á sama hátt fannst þremur skólastjórum að starf yfirmannanna væri orðið *mikið* eða *nokkuð flóknara* á þeim tíma sem yfirmennirnir væru búnir að vera í skólanum, og nefndu sem dæmi aukna áherslu á innra eftirlit, öryggismál og heilbrigðiseftirlit, auk meiri tíma sem færi í að ná samningum við birgja. Hinum þremur skólastjórunum fannst starf yfirmannanna *hvorki vera flóknara né einfaldara*.

Aðrar breytingar á starfinu voru t.d. breytingar á tækjum en tæpur fjórðungur yfirmannanna sagði að nýjar vélar og tæki hefðu gert starf þeirra *einfaldara*, þar af voru 11% sem fannst starfið fyrir vikið hafa orðið *mikið einfaldara*. Rúmum helmingi (59%) fannst ábyrgðin í starfinu hafa *aukist* og þar af fannst 28% hún hafa *aukist mikið*. Engum yfirmannanna fannst hún hafa *minnkað*. Hjá næstum tveimur af hverjum þremur yfirmönnum hafði nemendum í mataráskrift í skólunum *fjölgað* og þar af sögðu 17% að nemendum hefði *fjölgað mikið*. Enginn sagði að nemendum í mataráskrift hefði *fækkað*. Af þeim sem sögðu að nemendum hefðu *fjölgað* sögðu flestir að starfsmönnum í mötuneyti hefði ekki *fjölgað* í samræmi við nemendafjölgunina. Tveimur skólastjórum fannst sem ábyrðarhluti yfirmannanna hefði *aukist* en hinum fjórum fannst ábyrgðin hin sama og áður.

Sá rétt rúmi helmingur yfirmannanna sem nefndi aðrar breytingar á starfi sínu, tiltók t.d. *meiri pappírsvinnu*, *aðkomu að heimilisfræðikennslu*, *meiri ábyrgð á innkaupum*, *sameiningu nemendamötuneytis og starfsmannamötuneyti* og *meiri grunnvinnu með mat*. Tveir skólastjórar töluðu um breytingar á starfi yfirmannanna og var um að ræða ný tölvuforrit sem eiga að hjálpa yfirmönnum við skipulagningu í nemendamötuneytinum, sem og aukið tillit til nemenda með sérþarfir og meiri áherslu á gæði og fjölbreytileika matar.

9. SPURNINGAR TIL SKÓLASTJÓRA

Eins og fyrr segir voru að auki lagðar sérstakar spurningar fyrir skólastóra Í svörum við þeim kom fram að þrír þeirra myndu gera *aðrar færnikröfur* til nýrra yfirmanna skólamötuneyta, miðað við þær kröfur sem gerðar voru til þeirra yfirmanna sem nú starfa í skólum viðkomandi skólastjóra. Nefndu þeir kröfur um annarsvegar meiri menntun og hinsvegar meiri samskiptafærni. Í máli þeirra skólastjóra sem sögðust gera *sömu færnikröfur* og áður kom t.d. fram að mjög miklar kröfur hefðu verið gerðar til núverandi yfirmanna.

Þrír skólastjóranna vildu að nýir yfirmenn hefðu ákveðin *ný verkefni* á sinni könnu. Var um að ræða að ljóst væri frá upphafi að yfirmaður skólamötuneytis bæri líka ábyrgð á starfsmannamötuneyti og að skýrara væri að yfirmaður kæmi að öllum viðburðum í skólanum. Þeir skólastjórar sem sögðust myndu fela nýjum yfirmönnum *sömu verkefni* og núverandi, sögðu t.d. að verkefnamagnið væri það mikið í dag að ekki væri hægt að bæta ofan á það.

Spurðir um menntun til starfsins sögðu þrír skólastjórar að þeir *sæju fram á* að *meiri menntunarkröfur* yrðu gerðar til yfirmannastarfsins á næstu fimm árum og nefndu kröfur um næringarfræði sem dæmi. Fjórir skólastjóranna sögðu *meiri menntunarkröfur* vegna yfirmannsstarfsins *æskilegar* á næstu árum og nefndu aftur næringarfræði sem dæmi um slíkar kröfur en einnig öryggisatriði og samskipti við börn. Þessi atriði mætti einnig leggja áherslu á með námskeiðum.

10. OPIN SVÖR

Yfirmönnum skólamötuneyta og skólastjórum gafst kostur í lok könnunar að nefna eitthvað sem þeir vildu sérstaklega taka fram um starfið. Fjölbreyttar athugasemdir komu fram hjá yfirmönnum skólamötuneyta. Skólastjóra voru almennt ánægðir með yfirmenn mötuneyta í sínum athugasemdum. Hér að neðan má lesa þær athugasemdir sem bárust:

Yfirmenn skólamötuneyta

Lítið eftirlit í matsal sem bitnar á starfsmönnum mötuneytis.

Ég er nokkuð ánægður með starfið þegar á heildina er litið.

Þar sem ég starfa í unglingaskóla tel ég að ég þurfi allt öðruvísi fræðslu en þeir yfirmenn skólamötuneyta sem starfa í skólum þar sem unglingar eru í minnihluta eða þar sem engin unglingadeild er.

Nýtt tölvukerfi og nýr suðupottur hafa gert starfið nokkuð einfaldara og þá mætti skýra betur hver þáttur foreldra eigi að vera við rekstur mötuneytanna.

Er hægt að fá starfslýsingu á hvað yfirmönnum mötuneyta bera að gera? Eiga þeir t.d. að þrifa eldhúsið og skúra gólfín, eða eiga undirmenn að sjá um það?

Skólastjórar

Ánægja með faglega þáttinn hjá yfirmanni skólamötuneytis og að hann vinnur í samræmi við manneldismarkmiðin

Ég er heppin með yfirmann skólamötuneytis, hann er sjálfstæður í starfi.

Ég hef verið afar heppin með yfirmann skólamötuneytis. Hann er mjög sjálfstæður og hef litlar áhyggjur þurft að hafa af honum. Um er að ræða einstakling sem er góður í starfsmannastjórnun og er ábyrgðarfull þegar kemur að meðferð matvæla og hreinlæti í mötuneyti.

Yfirmaður skólamötuneytis nýtur trausts hjá mér. Hann hefur gerbreytt viðhorfum nemenda, starfsfólks og foreldra gagnvart mötuneytinu til hins betra á þeim tíma sem hann hefur verið hér. Um er að ræða toppmann þegar kemur að innra eftirliti og hann hefur sjálfur komið með tillögur að niðurskurði í mötuneyti.

Mötuneytin eru mjög mannaflsfrek, 80-90% nemenda er í mat hjá okkur og það þarf 6-8 starfsmenn í mötuneytið þegar matur er.

IV. Samantekt

Í könnuninni eru svör frá 31 yfirmanni skólamötuneyta og sex skólastjórum. Oftast voru gerðar kröfur um matreiðslunám þegar yfirmenn skólamötuneytanna voru ráðnir á núverandi vinnustaði og sömuleiðis starfsreynslu. Nær allir yfirmannanna höfðu lokið starfsnámi tengdu matargerð. Tæpur þriðjungur yfirmannanna hafði lokið meistaraþrófi í matreiðslu.

Auk mötuneyta fyrir nemendur báru allir yfirmennirnir einnig ábyrgð á mötuneyti fyrir starfsfólk grunnskólanna. Um helmingur sá einnig um kaffistofu fyrir starfsmenn og/eða lausasölu matvæla (sjoppu) fyrir nemendur. Í næstum öllum nemenda- og starfsmannamötuneytum, fór fram frumframleiðsla. Um þriðjungur nemendamötuneytanna bauð upp á morgunhressingu, kaffitíma og/eða morgunmat en um helmingur starfsmannamötuneytanna bauð upp á hið sama.

Algengast var að yfirmenn mötuneyta væru næstu yfirmenn eins til þriggja starfsmanna. Tæpur helmingur starfsmanna í mötuneytum var í fullu starfi og álíka stór hópur í 51-99% starfi.

Nær allir yfirmenn þjálfuðu nýja starfsmenn mötuneytanna og margir gerðu ráðstafanir vegna forfalla starfsmanna. Þá sögðust allir yfirmennirnir daglega sjá um innkaup fyrir mötuneytin. Mun færri komu hinsvegar að veitingu skammtímaleyfa starfsmanna eða ráðningu þeirra. Einnig var sjaldgæft að yfirmenn skólamötuneyta semdu við aðila innan eða utan vinnustaðar, um greiðslur, tíma eða framgang verks. Um helmingur svarenda sagðist daglega sinna verkefnum í vinnunni er ekki heyrðu undir yfirmannsstarfið.

Misjafnt var hversu miklum tíma yfirmenn vörðu í innra eftirlit, stærsti hópurinn varði á bilinu 3,5 klst. á viku í slíkt.

Flestir voru ánægðir með vinnuaðstöðuna sína. Góð tæki og góð eldhús var það sem helst gladdi yfirmennina en óánægja var hjá sumum með tækjakostinn sem og birgða- og starfsmannaðstöðu.

Yfirmenn skólamötuneyta sögðust fæstir hafa áhrif á fjárhagsramma skólamötuneytis og innan við helmingur vissi hvort endurskoðun færi fram á fjárhagsrammanum á skólaárinu. Stór hluti þess hóps gat haft frumkvæði að slíkri endurskoðun sem og áhrif á hana. Skólastjórnendur töldu í meira mæli að yfirmenn kæmu að gerð fjárhagsrammans.

Algengast var að yfirmenn ynnu nær allan vinnutímann með öðrum og upplifðu þeir mikið sjálfstæði með framkvæmd starfsins. Samskipti við nemendur og samstarfsfólk gengu jafnan mjög vel. Vel yfir helmingur yfirmanna sagðist leiðbeina nemendum daglega í samskiptum.

Nær allir yfirmenn skólamötuneyta koma oft eða stundum með nýjar hugmyndir í vinnunni, og var tilgangurinn oftast að einfalda verk, bæta þjónustu eða spara fjármuni. Langoftast komust hugmyndir yfirmanna í framkvæmd.

Innan við helmingur svarenda hafði fengið símenntun á síðastliðnum 12 mánuðum. Símenntunin fór næstu alltaf fram á námskeiðum. Rúmum helmingi fundust nægar upplýsingar í boði um símenntunarmöguleika og hvatning frá skólastjórnendum næg, en

svigrúm til að sinna símenntun í vinnutíma mætti vera meira. Um þriðjungur yfirmanna taldi það gagnlegt ef þeir hefðu þjálfast meira í starfinu áður en þeir byrjuðu í því og nefnd voru mörg starfstengd námskeið sem þeir höfðu áhuga á að sækja.

Margir upplifðu að álag hefði aukist í starfinu. Yfir helmingi fannst verkefnum hafa fjölgað, ábyrgðin hafa aukist og þá væru fleiri nemendur í mat núna heldur en þegar þeir byrjuðu í starfinu; nokkuð sem ekki hefði alltaf skilað fleiri starfsmönnum í mötuneyti. Um þriðjungu fannst starfið í heildina vera orðið flóknara en það var í byrjun.

Þeir skólastjórnendur sem við var talað voru oftast ekki með svipaðar hugmyndir um starf yfirmanna í skólamötuneyti og yfirmennirnir sjálfir. Helsti munurinn lét að sjálfstæði í starfi, aðkomu að fjárhagsramma og þátttöku í símenntun. Helmingur skólastjóra myndi gera aðrar kröfur til nýrra yfirmanna skólamötuneyta og helmingur myndi bæta við nýjum verkefnum. Þá sagði helmingur þeirra að þeir gerðu ráð fyrir að menntunarkröfur til yfirmannastarfsins myndu líklegast aukast á næstu fimm árum og enn fleiri töldu auknar menntunarkröfur vegna starfsins æskilegar.

V. Lokaorð

Hér hefur verið lýst niðurstöðum úr starfagreiningu yfirmanna skólamötuneyta. Markmið greiningarinnar var að vita meira um í hverju starf yfirmanna skólamötuneyta fælust, hver viðhorf þeirra væru til starfsins, meta þróun starfsins og þörf fyrir símenntun.

Þróun starfs

Starf yfirmanns skólamötuneytis virðist vera enn í nokkurri þróun. Margir upplifðu fjölgun verkefna og aukna ábyrgð. Hvergi var einungis um að ræða ábyrgð á mötuneyti nemenda í hádegi. Yfirmennirnir upplifðu einnig aukið álag í starfinu og fannst það umfangsmikið. Í sumum tilvikum lá ekki fyrir starfslýsing vegna starfsins. Þar fyrir utan má nefna að um helmingur skólastjóranna sem rætt var við sá fyrir sér auknar kröfur um þekkingu fyrir þetta starf á næstu árum og að verksviðið gæti stækkað enn frekar.

Fjármál mötuneyta

Það var athyglisvert hve margir yfirmenn mötuneyta sögðust engin áhrif hafa á fjárhagsramma mötuneytanna þegar hann lægi fyrir vegna næsta skólaárs. Það er að einhverju leyti þversögn við hvað þeir upplifa mikið sjálfstæði í starfi og virðast bera mikla ábyrgð á ákvörðunum um innkaup dagsdaglega. Þeir skólastjórar sem rætt var við töldu yfirmennina koma meira að fjárhagsrammanum svo ef til vill þyrfti í sumum tilvikum að gera yfirmennina meðvitaðri í samstarfi um fjármál mötuneytanna.

Undirbúningur fyrir starfið og símenntun

Þó allir yfirmennirnir í þessari könnun hafi haft sérstaka menntun til starfsins voru um 30% sem fannst að þeim hefði gagnast að vera betur undirbúnir í byrjun auk þess sem símenntun var ekki virk hjá um helmingi þátttakenda. Hluti af skýringunni gæti verið að svarendum fannst þeir ekki alltaf hafa svigrúm til að sækja símenntun. Í ljósi þess að starf margra virðist vera flóknara en áður, álag hefur aukist, verkefnum fjölgað þarf sérstaklega að huga að þætti símenntunar. Hana þarf að skipuleggja í samráði við starfsmennina sjálfa og stefnu fyrir skólamötuneyti.

Samstarf og samskipti

Mikið reynir á samstarf og samskipti í starfinu. Yfirmenn skólamötuneyta sjá um verkstjórn annarra starfsmanna mötuneytisins, þjálfa nýja starfsmenn og sinna öðrum verkefnum tengdum mannaforráðum. Vegna þessa hlýtur að vera mikilvægt að yfirmennirnir hafi innsýn í starfsmannastjórnun og sumir nefndu það líka sjálfir í spurningum um símenntun. Samskipti við nemendur eru einnig töluverð og finnst yfirmönnum þeir hafa hlutverk í að leiðbeina nemendum við samskipti. Skólastjórnendur eru þeim sammála um það. Samskipti við skólastjórnendur gengu almennt vel en hugsanlega þyrfti að huga að samstarfi yfirmanna við skólastjórnendur, markmiðum þess og inntaki með það að leiðarljósi að auka skilning á verksviði og ramma í kringum starfið.

Starf yfirmanns í skólamötuneyti er fjölbreytt starf þar sem mikið reynir á sjálfstæði og frumkvæði starfsmanna. Starfið er mikilvægt í skólasamfélaginu og þeir starfsmenn sem hér tóku þátt virðast hafa mikinn áhuga á starfinu sé tekið mið af fjölda nýrra hugmynda í starfi og því að námskeið sem þeir höfðu áhuga á tengdust öll starfi þeirra á einhvern hátt. Starfið virðist enn í töluverðri þróun og því er mikilvægt að skoða áfram starfssvið yfirmanna skólamötuneyta og að framboð á símenntun fylgi henni.